

Aðalfundur Íslandsdeilda ICOM - 2011
Fimmtudagur 17. mars 2011, klukkan 16.00
Fyrirlestrarsalur Þjóminjasafn Íslands við Suðurgötu

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf skv. 6.gr. samþykkt Íslandsdeildar ICOM

Formaður Íslandsdeildar ICOM, Ólöf Kristín Sigurðardóttir, setti fundinn. Hún lagði til að Lilja Árnadóttir yrði kjörin fundarstjóri og var það samþykkt. Hún lagði jafnframt til að ritari fundarins yrði Guðbrandur Benediktsson, ritari stjórnar og var það einnig samþykkt.

1. Lögð fram ársskýrsla 2010-2011

Formaður las upp skýrslu stjórnar. Stjórnina skipa þau Ólöf Kristín Sigurðardóttir formaður, Dagný Heiðdal gjaldkeri og Guðbrandur Benediktsson sem kjörinn var sem varamaður á síðasta aðalfundi, en tók sæti í aðalstjórn þann 5. október, þegar Harpa Þórsdóttir sagði af sér embætti ritara og gekk úr stjórninni. Auk þess er Rakel Pétursdóttir varamaður í stjórn. Samtals hélt stjórnin 10 fundi en átti auk þess í rafrænum samskiptum þegar ákveðin mál voru til umræðu.

Félagar og félagsgjöld: Félagar með einstaklingsaðild eru 70 talsins og söfnin með félagsaðild eru 4. Félagsgjöld ICOM eru ákveðin á aðalfundi í París. Einstaklingsaðild fyrir Íslendinga árið 2010 var 62 evrur og 29 evrur fyrir eftirlaunabæga. Söfn greiddu 250 – 1300 evrur – eftir stærð. Fyrir árið í ár eru félagsgjöldin 66 evrur og 31 evra fyrir þá sem komnir eru á eftirlaun. Landsdeildum er heimilt að leggja 10% ofan á gjöldin sem skila ber til aðalstöðvanna. Undanfarin tvö ár hefur gengi krónunnar verið með þeim hætti að ákveðið var að innheimta einungis þá upphæð sem okkur ber að skila til aðalstöðvanna en þess ber að geta að á árinu 2010 fékk Íslandsdeildin síðan afturvirknan afslátt af félagsgjöldum til Parísar vegna óhagstæðrar gengisþróunar.

Styrkir og sjóðir: Árlega hefur Íslandsdeild ICOM fengið styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til rekstur félagsins og til að gera formanni kleift að taka þátt í stjórnarfunum ráðgjafanefndar ICOM og aðalfundi sem haldnir er árlega og einnig til að taka þátt í fundum ICOM-Nord. Félagið fékk 400.000.- fyrir starfsárið 2010 en auk þess varð ágóði af CECA-ráðstefnunni sem nefndin stóð fyrir haustið 2009. Fjáröflun vegna ráðstefnunnar gekk vel og var þátttaka góð. Lokið var við nokkur verkefni tengd ráðstefnunni á árinu 2010 og má þar helst nefna útgáfu og dreifingu allra fyrirlestra sem haldnir voru á ráðstefnunni. Eins og fram kom á síðast aðalfundi var samþykkt að hagnaður rynni að mestum hluta í ferðasjóð félagsins en einnig til að stofna sjóð sem landsdeildin eða fagnefndir geti nýtt við undirbúning og skipulagningu alþjóðlegra ICOM funda eða til að skipuleggja ICOM ráðstefnur hér á landi.

Alþjóðastarf: Hinn árlegi fundur ICOM Nord var haldinn í Kaupmannahöfn í maí en Íslandsdeildin sá sér ekki fært að sækja fundinn en leggja frekar áherslu á að formaður gæti sótt aðalfundinn og fund ráðgjafanefndarinnar í tengslum við allsherjafundinn í Sjanghæ. Formaður var þó í samskiptum við formenn norrænu deildanna helst hvað varðaði umræðuefni sem lutu að sameiginlegum hagsmundamálum sem voru á dagskrá ráðgjafanefndar í Sjanghæ og kosningar sem fara áttu fram þar og mikilvægi þess að halda inni norrænum fulltrúum í aðalstjórninni. Árlegur aðalfundur og fundur ráðgjafanefndar voru haldnir í Sjanghæ í nóvember og sótti formaður fundina. Þar sitja formenn landsdeilda, fagnefnda og heimshlutadeilda. Þjóðdeildir eru nú 137 alþjóðafagnefndirnar 30 og félagsmenn 28.000 talsins. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði farið yfir stafsáætlanir og ársreikninga. Rætt var um Alþjóðlega safnadaginn, ályktanir samþykktar og verkefni höfuðstöðvanna kynnt. Sex félagar sóttu þetta 22. allsherjarþing í Sjanghæ og tóku þátt í störfum fimm nefnda. Íslandsdeildin veitti þrjá styrki úr ferðasjóði en auk þess var einum styrk til ungs ICOM félaga úthlutað hingað til lands en því miður nýttist hann ekki vegna veikinda.

Meginverkefni 2010: Á meðal helstu verkefna deildarinnar voru útgáfa efnis frá CECA (committee for education and cultural action) ráðstefnu sem haldin var hér í haust 2009. Útgáfan (diskur) var tilbúin fyrir allsherjarþingið í Sjanghæ og var hún kynnt dreift þar auk þess sem ritið var sent til allra fyrirslesara á ráðstefnunni og til bókasafna. Annað viðamikið verkefni var veiting Íslensku safnaveðlaunanna 2010. Fyrir hönd ICOM sátu Harpa Þórsdóttir og Sigurjón B. Hafsteinsson í valnefndinni. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár í samstarfi við FÍSOS. Auglýst var eftir ábendingum og bærust tæplega 70 hugmyndir - tilnefningar nefndarinnar voru tilkynntar á alþjóðlega safnadaginn 18. maí og voru eftirtalin söfn tilnefnd: Byggðasafn Skagfirðinga, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og Nýlistasafnið í Reykjavík sem hlaut verðlaunin. Forseti Íslands afhenti þau á íslenska safnadaginn 11. júlí – á Bessastöðum. Formenn félaganna önnuðust framkvæmd og kynningu eins og árið 2008.

Stjórnin tók þátt í sameiginlegri vinnu nokkurra hagsmunaaðila og sendi inn umsögn um frumvarp til nýrra safnalaga, frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands, frumvarp til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa og frumvarp til laga um menningarmínjar.

Að öðru leiti voru störf Íslandsdeildarinnar hefðbundin en mig langar að nefna nokkur atriði: Í júní stóð Íslandsdeildin ásamt Safnaráði og Þjóðminjasafni fyrir ferð sjálfboðaliða að Skógum þar sem vinna þurfti hreynsunarstarf og fyrirbyggja skemmdir á safngripum og húsakosti vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Átak var gert til að uppfæra heimasíðu deildarinnar.

Áfram var haldið með að bjóða upp á námskeið sem miða að því að auka vitund safnamanna um siðareglurnar og samþykktir ICOM – Listasafn Íslands og söfnin í Hafnarfirði. Telur stjórnin þessi námskeið mikilvæg og mjög góða leið til að halda á

lofti þeirri hugmyndafræði sem samtökin starfa eftir og hafa að leiðarljósi varðveislu menningarminja og miða að því að styrkja söfn í faglegu starfi.

2. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram

Gjaldkeri, Dagný Heiðdal, las upp ársreikninga og bætti við útskýringum til almennrar glöggvunar. Reikningar samþykktir.

[Í fyrra kom þetta fram:

c. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram.

Gjaldkeri, Dagný Heiðdal, las upp ársreikninga og bætti við útskýringum til almennrar glöggvunar. Þar kom helst fram viðhald vefsíðu sem farið var í árið 2008 en reikningur barst ekki fyrr en 2009. Ekki hefur verið lokið uppgjöri CECA og reikningar sem lagðir eru fram eru aðeins staðan við áramót. Gjaldkeri sagðist ekki geta ekki lofað svona góðri stöðu við næstu áramót. Gjaldkeri tók sérstaklega fram að það sé kostur fyrir félagið að greiða félagsgjöld snemma og stefnt að því að greiða fyrir 1. apríl næstkomand.

Spurning: Hvaða styrkur það er sem kemur fram í ársreikningi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti? Gjaldkeri: Það er styrkur sem Ólöf skýrði frá. Styrkuppþæðin hefur staðið í stað.

Engar athugasemdir voru gerðar við ársreikning. Tillaga að endurskoðendum ársreikninga: Samþykkt að Svanfríður Franklínisdóttir og Bryndís Sverrisdóttir verði endurskoðendur reikninga að ári.]

3. Kjör til stjórnar

- Kosning fulltrúa í aðalstjórn til 3 ára:* Guðbrandur Benediktsson.
- Kosning 2 varamanna til 3 ára:* Inga Jónsdóttir og Natalie Jacqueminet.
- Kosning skoðunarmanna reikninga til 1 árs:* Bryndís Sverrisdóttir og Svanfríður Franklínisdóttir.

4. Starfsáætlun 2011-2012

Formaður kynnti starfsáætlun næsta árs. Á komandi starfsári er stefnt að hefðbundinni þátttöku í alþjóðlegu starfi félagsins. Aðalfundur og fundur ráðgjafanefndar, þar sem formaður á sæti, verða í París í júní. Fundur ICOM Nord verður síðan í Stokkhólmi í maí en samstarf norrænu deildanna hefur ætíð verið mikið þó Íslandsdeildin hafi ekki verið virk á þeim vettvangi undanfarið. Stjórnin telur mikilvægt að reyna að sækja báða þessa fundi og er verið að reyna að afla viðbótar fjár til að svo megi verða.

Alþjóðlegi safnadagurinn 18. maí er að þessu sinni tileinkaður Söfnum og minningum – Museums and Memory – og er áformað að halda deginum á lofti á svipaðan hátt og undanfarin ár þ.e. með því að birta grein um efni dagsins og beina athygli safnamanna að deginum – Í ár er ráðgert að efna til málstofu í samstarfi við námsbraut í safnafærðum við Háskóla Íslands – þar verða flutt 4

erindi auk þess sem yfirskrift dagsins verður kynnt. Þessi dagskrá fer fram á alþjóðlega safnadeginum frá kl. 14 – 16. Markmið Íslandsdeildarinnar með dagskránni er að efna til faglegar umræðu á meðal safnamanna og beina deginum fremur að innra starfi okkar sem fagmanna í ljósi þess að íslenska safndeginn er beint að gestum okkar og meira hugsaður til að vekja athygli á safnastarfi á meðal almennings. Þannig er þessum dögum ekki beint hvorum gegn öðrum.

Íslensku safnaverðlaunin sem nú eru veitt annað hvert ár verða veitt á næsta ári (2012). Undirbúningur veitingarinnar er þegar hafinn og hafa þær Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Sólveig Georgsdóttir þegar verið skipaðar í valnefnd fyrir hönd Íslandsdeildar ICOM auk þeirra sitja í nefndinni tveir fulltrúar frá FÍSOS og ein fulltrúi safnsins sem síðast hlaut verðlaunin – sem nú er Nýlistasafnið.

Eins og undanfarin ár ráðgerir Íslandsdeildin að halda fleiri námskeið um siðareglurnar – en það er mjög góð leið til að halda á lofti þeirri hugmyndafræði sem samtökin starfa eftir og hafa að leiðarljósi varðveislu menningarminja og miða að því að styrkja söfn í faglegu starfi. Auk þessa er ráðgert er að færa heimasíðu deildarinnar í nýtt og meðfærilegra vefumsjónarkerfi.

5. Kynning á Allsherjarþingi ICOM í Sjanghæ í nóvember 2010

Ólöf K. Sigurðardóttir, Lilja Árnadóttir, Raket Pétursdóttir og Helga Maureen Gylfadóttir kynntu í máli og myndum reynslu sína af þinginu í Kína. Góður rómur var gerður að framlagi framsögumanna.

6. Önnur mál

Umræður um ferðasjóði félagsins og úthlutunarleiðir. Bryndís Sverrisdóttir ræddi m.a um mikilvægi þess að styrkþegar skili inn öllum reikningum. Þá voru umræður um það hvort félagsmönnum ættu að geta sótt um styrki til að fara á hinar ýmsu fagráðstefnur, í stað þess að binda þá við stóru þingin. Það myndi þýða að styrkuppþæðir myndu minnka og úthlutunarnefnd þarf að hafa skýrar reglur. Fundurinn felur stjórn að búa til samþykktir fyrir ferðasjóð félagsins.

7. Kynning og umræður um námsbraut í safnafræðum við Háskóla Íslands

Sigurjón Baldur Hafsteinsson lektor.

Alls sóttu 15 manns fundinn
Fundí slitið klukkan 17.15.

Guðbrandur Benediktsson

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM 2011

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM haldinn fimmtudaginn 17. mars 2011, kl. 16 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf skv. 6. gr. samþykkt Íslandsdeildar ICOM

- Lögð fram ársskýrsla 2010.
- Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram.
- Kjör til stjórnar.
- Starfsáætlun 2011 kynnt.

Kynning á Allsherjarþingi ICOM í Sjanghæ í nóvember 2010.

Kynning og umræður um námsbraut í safnafræðum við Háskóla Íslands –
Sigurjón Baldur Hafsteinsson lektor.

Önnur mál sem upp verða borin.

Að fundi loknum er boðið upp á léttar veitingar